

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/250
komudagur 24.11.2009

Akureyri 20. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis **frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 103. mál, persónukjör**. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings tekur undir meginmarkmið frumvarpsins um að efla lýðræði og auka áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar taka sæti í sveitarstjórn.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þá aðferð við persónukjör sem lögð er til í frumvarpinu þó að vitað sé að fleiri aðferðir komi til álita.

Að mati stjórnarinnar er varla raunhæft að ný lög um persónukjör taki gildi fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Prófkjör eru þegar hafin og fyrir liggja ákvarðanir um fleiri prófkjör.

Stjórn Eyþings kom í umsögn, dags. 3. september sl., á framfæri nokkrum ábendingum við frumvarpið eins og það var lagt fram á sumarþingi. Þessi atriði eru nú flest nánar skýrð í athugasemdum frumvarpsins.

Stjórn Eyþings vísar að örðu leyti til umsagnar Sambands ísl. sveitarfélaga um frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings

Pétur Þór Jónasson
frankvæmdastjóri